



# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga

2. tbl. febrúar 2013



## Meðal efni:

Landsþing sambandsins	2
Ársfundur lánasjóðsins	4
Mehningarlendið 2013	5
Samráðsfundur sveitarfélaga	8
Ráðherra í starfsþjálfun	9
Handbók um ADHD	17
Undirbúningur kjaraviðræðna	18

# XXVII. landsþing sam

Föstudaginn 15. mars verður XXVII. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga haldið á Grand hóteli í Reykjavík.

Á landsþinginu eiga sæti 150 fulltrúar frá sveitarfélögunum 74. Samkvæmt samþykktum sambandsins kjósa sveitarstjórnir fulltrúa á landsþing að afloknum sveitarstjórnarkosningum og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar, nema sveitarstjórnir ákveði annað. Að auki eiga bæjar- og sveitarstjórnar seturétt á landsþinginu með málfrelsi og tillögurétti, formenn og framkvæmdastjórnar landshlutasamtaka sveitarfélaga og þeir stjórnarmenn sem ekki eru kjörnir landsþingsfulltrúar síns sveitarfélags – alls



um 65 manns. Seturétt á landsþingi eiga því rúmlega 200 manns.

Þetta landsþing er það síðasta á kjörtímabilinu því landsþing 2014 verður ekki haldið fyrir en eftir sveitarstjórnarkosningar á næsta ári. Yfirskrift þingsins er Áfram veginn og vísar til þess að verkefni sveitarstjórna breytast ekki þó hugsanlega verði breytingar á skipan þeirra við sveitarstjórnarkosningar.

Um fjöllumunarefnum landsþingsins verður skipt upp í þrjá meginþætti:

**Hvað er í deigluinni?** Undir þessum lið mun fulltrúi frá sveitarfélagasambandinu í Danmörku (KL) greina frá því sem efst er á baugi hjá dönskum sveitarfélögum í dag. Hann mun fjalla m.a. um vinnutímamál kennara, hagræðingaraðgerðir og rafræna stjórnsýslu. Stjórnarmaður í sambandinu mun bregðast við og fara yfir stöðuna hér á landi.

**Svæðasamvinna sveitarfélaga – þriðja stjórnsýslustigið?** Kynnt verður áfangaskýrsla nefndar um hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga og þróun í svæðasamvinnu sveitarfélaga og kallað eftir sjónarmiðum þingfulltrúa.

# mbandsins



Frá XXVI. landsþingi sambandsins, sem haldið var á Hótel Natura 23. mars 2012.

**Lærdómur í lok kjörtímabils – leiðarljós á nýju kjörtímabili.** Hér verður velt upp ýmsum spurningum um þróun sveitarstjórnarstigsins á kjörtímabilinu, reynslu af nýjum sveitarstjórnarlögum og þjónustu sambandsins.

Landsþingsfulltrúum verður innan skamms send dagskrá ráðstefnunnar og beiðni um að þeir skrái þátttöku sína eða láti vita ef forföll hamlu setu þeirra á þinginu.

[Dagskráin á vef sambandsins.](#)





# LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

## Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga



Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 15.mars 2013 kl. 16:00 á Grand Hótel í Reykjavík.

Rétt til að sækja aðalfund eiga allir sveitarstjórnarmenn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995).

Sjá nánar á [heimasíðu sjóðsins](#).

### Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2011 kynntur og lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
6. Tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
8. Önnur mál.





# Menningarlandið 2013

– framkvæmd og framtíð menningarsamninga

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, og Menningarráð Suðurlands í samstarfi við önnur menningarráð landsbyggðarinnar boða til ráðstefnunnar Menningarlandið 2013 – framkvæmd og framtíð menningarsamninga, sem fram fer á Kirkjubæjarklaustri 11. og 12. apríl 2013.

Megintilgangur ráðstefnunnar er að ræða framkvæmd og framtíð menningarsamninga ríkis og sveitarfélaga, sem og samstarf ríkis og sveitarfélaga við menningarráðin sem stofnuð hafa verið um land allt á undanförunum árum í kjölfar

menningarsamninganna. Samningarnir, sem eru sjö talsins í jafnmörgum landshlutum, fela í sér markvissan stuðning ríkissjóðs við menningarstarf og menningarferðaþjónustu gegn mótframlagi sveitarfélaga og einkaaðila í héraði. Menningarsamningarnir renna allir út á þessu ári og því þarf að meta reynsluna af þeim til að geta gert áætlanir um framhaldið, m.a. með tilliti til Sóknaráætlunar 20/20.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á [vef Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) og þar er einnig hægt að skrá þátttöku á ráðstefnunni.

# Skólavogin

## – lykiltölur um skólahald settar í samhengi

Skólavogin var tilraunaverkefni sambandsins og valinna sveitarfélaga 2007–2010. Markmiðið var að auðvelda sveitarstjórnarmönnum yfirsýn yfir skólahald; rekstrarlega þætti, árangur og viðhorf.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólapúlsinn ehf. undirrituðu samstarfssamning um framkvæmd Skólavogar í desember 2011. Skólapúlsinn hefur frá árinu 2008 boðið grunnskólum landsins rafræna viðhorfakönnun fyrir nemendur og frá árinu 2013 er boðið upp á viðhorfakönnun fyrir foreldra og einnig fyrir starfsmenn grunnskóla. Samkvæmt samningnum sér Skólapúlsinn ehf. um framkvæmd og úrvinnslu Skólavogarinnar. Þátttaka í Skólavog felur ekki í sér sjálfstæðar viðhorfakannanir þar sem niðurstöður úr Skólapúlsinum nýtast inn í Skólavogina. Skólavogin er verkfæri sveitarfélagsins og Skólapúlsinn er verkfæri skólans.



### Ávinningur sveitarfélaga af þátttöku

- Aukin yfirsýn yfir skólahald. Upplýsingar aðgengilegar um viðhorf og líðan nemenda, viðhorf foreldra og starfsfólks, námsárangur í samræmdum prófum og ýmsar rekstrarupplýsingar.
- Upplýsingar dregnar saman úr ýmsum áttum og settar í samhengi. Eru tengsl á milli starfsánægju í skólanum og árangurs í samræmdum prófum? Skilar hærri rekstrarkostnaður á hvern nemanda betri árangri á samræmdum prófum, eða betri líðan í skólanum?
- Samanburðarhæfar upplýsingar. Stjórnendur geta borið saman lykiltölur um skólahald milli skóla innan sveitarfélagsins og einnig við skóla í

# SKÓLAMÁL

öðrum sveitarfélögum undir nafnleynd. Samanburðurinn nær einnig yfir tíma og því mögulegt að skoða þróun lykiltalna skólans yfir ákveðið tímabil.

- Niðurstöður geta nýst við úthlutun fjármagns til skóla með markvissum samanburði við aðra skóla og/eða önnur sveitarfélög.
- Skólavogin nýtist við að koma til móts við lögbundnar skyldur um mat og eftirlit með skólum.


Í dag taka 19 sveitarfélög þátt í Skólavoginni sem ná yfir samtals 80% íbúa landsins og 78% grunnskólanemenda.

Stefnt er að hliðstæðri kortlagningu fyrir leikskóla.

## Skráning og frekari upplýsingar

Sótt er um þátttöku í Skólavoginni á heimasíðu verkefnisins. Frekari upplýsingar veitir Kristján Ketill Stefánsson á [kristjan@skolapulsinn.is](mailto:kristjan@skolapulsinn.is) eða í síma 499-0690. Upplýsingar veitir einnig Valgerður Ágústsdóttir sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins [valgerdur@samband.is](mailto:valgerdur@samband.is).

Nánar um verkefnið á vef sambandsins.



# UPPLÝSINGATÆKNI

## Samráðsfundur sveitarfélaga

– vegna stefnumótunar um upplýsingasamfélagið 2013-2017

Innanríkisráðherra hefur skipað kjarnahóp til að vinna að mótun tillagna um stefnu um upplýsingasamfélagið 2013-2017 sem mun leysa af hólmi stefnuna um „Netríkið Ísland“. Öll ráðuneytin eiga aðild að hópnum og Samband Íslenskra sveitarfélaga er þar með tvo fulltrúa, þau Önnu Guðrúnu Björnsdóttur sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs og Hjört Grétarsson upplýsingatæknistjóra Reykjavíkurborgar. Víðtækt samráð mun verða um vinnuna og kappkostað að öll vinnugögn verði aðgengileg á heimasíðu innanríkisráðuneytisins. Á grundvelli fjölmenns samráðsfundar hafa verið mótuð sex áherslusvið sem eru: Þekkingaruppbygging; opin og gagnsæ stjórnsýsla; arkitektúr, öryggi og samvirkni kerfa; hagræðing og skilvirkni; aukið lýðræði og aukin þjónusta.

Að undanfögnu hefur átt sér stað samráð um nánari útfærslu þessara áherslusviða. Í þeim tilgangi var sveitarfélögum boðið til samráðsfundar 4. febrúar sl. Á fundinum voru einnig kynntar tillögur stýrihóps um rafræna stjórnsýslu hjá ríki og sveitarfélögum. Þorleifur Gunnlaugsson varaborgarfulltrúi stýrði þeim hópi og lagði hópurninn m.a. til að rekstur og þjónusta rafrænnar auðkenningar fyrir vefi ríkis og sveitarfélaga verði miðlæg á vefsvæðinu



Ísland.is og að Þjóðskrá Íslands verði falið að reka og þróa auðkenningarþjónustu Ísland.is. Einnig lagði hópurninn til að ráðist verði í tilraunaverkefni til að styðja við þróun rafræns lýðræðis í sveitarfélögum. Unnið er að framkvæmd þessara tillagna og er frumvarp, sem lagt hefur verið fram á Alþingi til að greiða fyrir rafrænum kosningum, þáttur í innleiðingu á tillögum hópsins.

Á samráðsfundinum kom fram ánægja með þessar tillögur og margar góðar ábendingar varðandi stefnumótunarvinnuna. Þátttakendur voru sammála um að bryn þörf er á samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga um framþróun á þessu sviði. Hvorki ríki né sveitarfélög eru að hagnýta sér upplýsingatæknimöguleika á nægilega markvissan hátt.



## Ráðherra í starfspjálfun

Sveitarfélagið í Bornholm í Danmörku hefur í mánuðinum haft ráðherra félagsmála í starfspjálfun. Tilgangurinn er að Karen Hækkerup, félagsmálaráðherra, kynnist starfsemi sveitarfélagsins.

Að sögn borgarstjórans í Bornholm, Winni Grosbøll, er það mat beggja aðila að starfskynning ráðherrans hafi verið gagnleg. „Markmiðið með heimsókninni var að sýna

ráðherranum hvaða starfsemi fer fram innan sveitarfélagsins og hvaða áhrif allskyns lagasetningar og reglugerðir geta haft áhrif á okkar verkefni. Á sama tíma áttum við þess kost að bera upp við ráðherrann spurningar sem við hefðum sjálfsgagt aldrei annars borið upp og ráðherrann fór heim með áhersluatriði okkar í farteskinu.“

[Fréttin á vef KL.](#)

## Dagur leikskólans haldinn í 6. sinn

Miðvikudaginn 6. febrúar var dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum



Nokkur börn á leikskólanum Hofi stilla sér hér upp með Klöru E. Finnbogadóttur, sérfræðingur í skólamálum hjá sambandinu, Ingibjörgu M. Gunnlaugsdóttur, verkefnisstjóra á Leikskóladeild Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Særunu Ármannsdóttur aðstoðarleikskólstjóra.

landsins í sjötta sinn, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmið dagsins er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla fagstarfi sem þar fer fram.

**Peir sem hlutu viðurkenninguna voru:**

- Kristín Dýrfjörð og Margrét Pála Ólafsdóttir fyrir umfjöllun um leikskólastarf á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, hvor á sínum vettvangi og frá ólíkum sjónarhornum.
- Súðavíkurreppur fyrir að vera með 6 klst. gjaldfrjálsa tíma á dag fyrir öll börn á leikskólaaldri og veita þannig börnum sveitarfélagsins jöfn tækifæri til að sækja leikskólanám.

[Lesið má nánar um viðurkenningarnar á vef sambandsins.](#)

# FÉLAGSPJÓNUSTA

## Heimili - meira en hús

Þann 1. mars nk. efna Samband íslenskra sveitarfélaga, Landsamtökin Þroskahjálp, Þroskaþjálfafélag Íslands, Rannsóknarstofa í þroskaþjálfafræðum og Félagsráðgjafafélag Íslands til ráðstefnu á Grand hótél í Reykjavík um gæði þess starfs sem unnið er í búsetuþjónustu við fatlað fólk.

Á ráðstefnunni er tekið til skoðunar hvaða gæði það eru sem halda þarf í heiðri á heimilum fatlaðs fólks, einkum þeim heimilum þar sem veitt er mikil þjónusta.

Ráðstefnugjald er 2.500 krónur og fer skráning fram á vefnum [www.throskahjalp.is](http://www.throskahjalp.is).



# Framtíðarþing um farsæla öldrun

Fimmtudaginn 7. mars kl. 16.30-20.30 verður haldið Framtíðarþing um farsæla öldrun sem er samvinnuverkefni nokkurra aðila sem áhuga hafa á málefnum aldraðra. Þingið verður haldið í Tjarnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Fundarfyrirkomulagið byggir á sömu hugmyndafræði og notuð var á Þjóðfundi árin 2009 og 2010. Unnið verður á 8-9 manna borðum og á hverju borði verður borðstjóri. Hóparnir verða blandaðir, þannig að á hverju borði séu þátttakendur í mismunandi aldurshópum auk starfsfólks sem tengist öldrunarmálum.

Markmiðið með þinginu er að skapa vettvang fyrir þá sem koma að öldrunarmálum á Íslandi og koma af

stað heilbrigðri og skynsamlegri umræðu um þessa kynslóð. Einnig að skapa leiðbeiningar til stjórnvalda hvernig eldri borgarar líta mál sín til framtíðar.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt þá vinsamlegast sendu tölvupóst á [framtidarthing@gmail.com](mailto:framtidarthing@gmail.com) eða hringdu í síma 693 9508. Taka þarf fram nafn, kennitölu, símanúmer og netfang.

Að Framtíðarþingi um farsæla öldrun 2013 standa: Öldrunarráð Íslands, Landsamband eldri borgara, Öldrunarfræðafélag Íslands, Velferðarráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga, Félag sjúkraþjálfara í öldrunarþjónustu og løjupjálfafélag Íslands.



# FÉLAGSPJÓNUSTA



Samþykkt hefur verið í ríkisstjórn frumvarp um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Tillögur í frumvarpinu byggjast á samkomulagi ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins frá því í desember um Liðsstyrk - atvinnutengt átaksverkefni á árinu 2013 (sjá: [lidsstyrkur.is](http://lidsstyrkur.is)). Frumvarpið leggur grunn að breyttu fyrirkomulagi við ákvarðanir um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Gengið er út frá því að frumvarpið hljóti afgreiðslu fyrir þinglok í vor og taki þá þegar gildi.

Liðsstyrkur snýr að atvinnuleitendum sem hafa þegar fullnýtt eða munu að óbreyttu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Meginmarkmið verkefnisins er að efla þennan hóp til þátttöku að nýju á vinnumarkaði og koma í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiði til óvinnufærni. Verkefnið er háð því að sköpuð verði fleiri og ný atvinnutækifæri auk þess sem áfram verði boðið upp á úrval virkniúrræða af hálfu stjórnvalda.



# Breytingar á lögum um félagspjónustu sveitarfélaga

Ein af forsendum verkefnisins er að sveitarfélögin fái hliðstæðar heimildir og Vinnumálastofnun og Atvinnuleysistryggingasjóður hafa nú til þess að setja skilyrði um að þeir sem fá greiðslur séu virkir í atvinnuleit eða taki þátt í atvinnutengdum úrræðum. Framkomnu frumvarpi er ætlað að stuðla að því með almennum hætti að atvinnuleitendur séu í virkri atvinnuleit þann tíma sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð og sýni vilja til að standa á eigin fótum og framfæra sjálfan sig, maka og börn eftir bestu getu til samræmis við þá skyldu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 19. gr. laga um félagspjónustu sveitarfélaga.

Frumvarpið hefur að geyma heimildarákvæði og samkvæmt því eiga sveitarfélög val um það hvort þau taka upp í reglur sínar ákvæði sem skilyrða fjárhagsaðstoð. Telja verður líklegt muni almennt huga að breyttu fyrirkomulagi þar sem gera má ráð fyrir að um 2.000 atvinnuleitendur verði að meðaltali án atvinnu og ekki tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árinu 2013. Ljóst er að mjög margir innan þessa hóps muni á einhverjum tímapunkti óska eftir fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi.

Lykilatriði í nýja fyrirkomulaginu er að einungis verður heimilt að skilyrða fjárhagsaðstoð til þeirra sem teljast vinnufærir að hluta eða öllu leyti. Gert er ráð fyrir að ákveðin skimun fari fram innan félagspjónustu sveitarfélaga á því hvort líkur séu á að hlutaðeigandi sé vinnufær og sé það raunin verði viðkomanda vísað til Vinnumálastofnunar þar sem hann sækir jafnframt um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006. Þannig er miðað við að áður en til skilyrðingar á fjárhagsaðstoð geti komið fari fram mat á vinnufærni hlutaðeigandi einstaklings hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar í samræmi við 11. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Leiði mat á vinnufærni einstaklings í ljós að viðkomandi sé ekki vinnufær að hluta eða að öllu leyti skal honum vísað til félagspjónustu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Frumvarpið var samið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök félagsmálastjóra á Íslandi og veita starfsmenn sambandsins fúslega allar nánari upplýsingar um málið.

# Fiskur – olía – orka

## Hvert á arðurinn að renna?

Málþing um auðlindir og hvernig arðurinn af nýtingu þeirra nýtist best í þágu þeirra svæða sem háðust eru auðlindanýtingu verður haldið 14. mars 2013 á Grand hótél kl. 15.30. Haldið í samvinnu Samtaka orkusveitarfélaga, Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Allir eru velkomnir og eru sveitarstjórnarmenn sérstaklega hvattir til að mæta. Þátttaka er án endurgjalds og skráning fer fram á [vef sambandsins](#).

- 15:30 **Setning ráðstefnunnar**  
Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra
- 15:40 **Sjónarhorn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga**  
Svanfríður Inga Jónasdóttir, formaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga
- 15:50 **Sjónarhorn Samtaka orkusveitarfélaga**  
Stefán Bogi Sveinsson, formaður Samtaka orkusveitarfélaga
- 16:00 **Byggðastofnun**  
Dr. Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar  
Staða og möguleikar þeirra sveitarfélaga sem búa að eða eru háð nýtingu náttúruauðlinda
- 16:30 **Atvinnuvegaráðuneyti**  
Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Rannsóknir, nýting og gjaldtaka vegna vinnslu kolvetnis (olíu) í efnahagslögsögu Íslands
- 17:00 **Hagfræðistofnun Háskóla Íslands**  
Daði Már Kristófersson, auðlindahagfræðingur  
Auðlindanýting, auðlindaarður, hvernig hann myndast og möguleg innheimta
- 17:30 **Fyrirspurnir og umræður**
- 18:00 **Málþingslok**  
Halldór Halldórsson, formaður Samband Íslenskra sveitarfélaga

**Fundarstjóri:** Bryndís Gunnlaugsdóttir, forseti bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar



# ALÞJÓÐAMÁL

## Fyrsti fundur sameiginlegrar ráðgjafarnefndar Íslands og Svæðanefndar ESB

Þann 4. mars nk. verður haldinn fyrsti fundur í sameiginlegri ráðgjafarnefnd Íslands og Svæðanefndar ESB. Markmiðið með stofnun nefndarinnar er að undirbúa íslenska sveitarstjórnarstigið undir þátttöku



*Mercedes Bresso þáverandi forseti Svæðanefndar ESB ræðir málin við íslenska kollega á fundi sameiginlegrar þingmannanefndar sem var haldinn í Reykjavík í fyrra.*

í Svæðanefndinni, ef Ísland gerist aðili að ESB. Hliðstæðar nefndir hafa þegar tekið til starfa á milli Alþingis og Evrópuþingsins og á milli aðila vinnumarkaðarins og þriðja geirans á Íslandi og Félagsmálanefndar Evrópu.

Í Svæðanefnd ESB, „Committee of the Regions“ eða „CoR“, eiga sæti kjörnir fulltrúar úr sveitarfélögum og héruðum í aðildarríkjum ESB. Hún er umsagnaraðili um alla stefnumótun og löggjafartillögur ESB sem snerta sveitarfélög og héruð. Halldór Halldórsson formaður sambandsins fer með formennsku í sameiginlegu ráðgjafarnefndinni af hálfu Íslands en af hálfu ESB fer hin ítalska Mercedes Bresso með formennsku en hún var áður forseti Svæðanefndarinnar og sýndi þá mikinn áhuga á stofnun sameiginlegrar nefndar með Íslandi.

Á þessum fyrsta fundi verður m.a. fjallað um hlutverk og þátttöku íslenskra sveitarfélaga í aðildarferlinu og í evrópskum byggðamálum ef til aðildar kemur. Fundurinn verður haldinn í borgarstjórnarsal Ráðhússins og er öllum opin.

# KJARAMÁL

## Niðurstaða forsendunefndar kjarasamninga


Þann 13. febrúar skilaði forsendunefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi aðildarfélaganna ASÍ, BHM, BSRB og KÍ v. SÍ, FSL, FT og FL, niðurstöðu sinni varðandi viðbrögð við breytingu kjarasamninga á almennum markaði. Samkvæmt henni verða eftirfarandi breytingar gerðar á kjarasamningum starfsmanna sveitarfélaga:

- Umsaminn gildistími kjarasamninga stýttist um tvo mánuði.
- Framlög til annað hvort fræðslusjóða/ starfsmenntasjóða eða styrktarsjóða/ sjúkrasjóða hækka í áföngum um 0,1%, eigi síðar en 1. janúar 2015.
- Samningsaðilar taka þátt í sameiginlegri vinnu aðila vinnumarkaðarins um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

Niðurstaða forsendunefndar á vef sambandsins.



# Kjaraviðræður við Félag grunnskólakennara, samkomulag um endurnýjaða viðræðuáætlun



Pann 15. febrúar 2013 var undirritað samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands, vegna Félags grunnskólakennara, um endurnýjaða viðræðuáætlun aðila, sem gildir til 28. febrúar 2014. Á gildistíma viðræðuáætlunar ríkir friðarskylda.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara munu á gildistíma viðræðuáætluninnar, í samvinnu við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Skólastjórafélag Íslands, standa að greiningu á framkvæmd stefnunnar “skóli án aðgreiningar” og hvaða áhrif hún hefur á skólastarf.

Sömu aðilar munu einnig efla samræður um hvernig staðið skuli að innleiðingu aðalnámskrár fyrir grunnskóla.

Laun grunnskólakennara hækka um 4%, samkvæmt launatöflu með gildistíma 1. mars 2013. Áður umsamdar annaruppþætur greiðast á árinu 2013.

Á grundvelli niðurstöðu forsendunefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og stéttar- og verkalyðsfélaga innan ASÍ, BHM, BSRB og KÍ, vegna annarra en Félags grunnskólakennara, verður framlag til, annað hvort Vonarsjóðs eða Sjúkrasjóðs KÍ, hækkað í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015. Þetta atriði verður útfært nánar í næsta kjarasamningi aðila.

# Undirbúningur kjaraviðræðna


Kjarasvið sambandsins hefur hafið formlegan undirbúning kjaraviðræðna ársins 2014, sem felst m.a. í eftirfarandi:

- Ríkissáttasemjari stóð fyrir sameiginlegum fundum aðila vinnumarkaðarins þann 5. og 12. nóvember 2012. Tilgangur fundanna var að hefja sameiginlega vinnu aðila vinnumarkaðarins við að leita leiða til að bæta almennt undirbúning og vinnu við gerð kjarasamninga. Kjarasvið sambandsins tekur virkan þátt í þessari vinnu.
- Í síðustu viku áttu fulltrúar úr samninganefnd sveitarfélaga fundi með nokkrum skólastjórnendum á Höfuðborgarsvæðinu til undirbúnings áframhaldandi viðræðna við grunnskólakennara.
- Kjarasviðið vinnur að undirbúningi samráðsfunda með sveitarstjórnarmönnum og embættismönnum sveitarfélaga, sem haldnir verða víða um land í apríl og maí.



# SKÓLAMÁL

## Handbók um ADHD og farsæla skólagöngu



Að frumkvæði Samráðshóps um aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna sem starfaði á árunum 2009 til 2011 var gefin út handbók um ADHD og farsæla skólagöngu. Samráðshópurinn starfaði á vegum velferaðráðuneytisins í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Tvö fyrstnefndu ráðuneytin standa straum af kostnaði við verkið.

Í handbókinni er leitast við að dýpka skilning þeirra sem starfa með nemendum með ADHD, einkum á grunnskólastigi, og bent á leiðir til að mæta þörfum nemenda.

Bókinni er dreift endurgjaldslaust til allra grunnskóla auk þess sem leikskólar geta óskað eftir að fá hana hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í gegnum netfangið [sigrídur@samband.is](mailto:sigrídur@samband.is). Hana má jafnframt nálgast hjá Námsgagnastofnun, auk þess sem hún er aðgengileg sem flettibók á vef Námsgagnastofnunar [www.nams.is](http://www.nams.is)

**Rétt málsmeðferð**

- öruggt skólastarf -

11. mars í Árborg  
18. mars í Borgarbyggð



## Skóli margbreytileikans og stoðkerfi skóla - Málþing haldið 5. mars 2013 -

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir heilsdags málþingi á 5. mars með þátttöku margra hagsmunaaðila. Sjónum verður beint að skólagöngu nemenda með sérþarfir og umræðu um stefnu um skóla án aðgreiningar sem fylgt hefur verið hér á landi mörg undanfarin ár. Stefnan er m.a. lögfest í lögum um leik- og grunnskóla og útfærð í reglugerðum og aðalnámskrám. Með málþinginu er ætlunin að fara yfir framkvæmd stefnunnar, innleiðingu reglugerða og ræða um helstu álitamál, áskoranir og tækifæri, m.a. um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi skóla.

Málþingið er opið öllum meðan húsrúm leyfir, aðgangseyrir 3.500 kr.

Congress Reykjavík heldur utan um skráningu frá þriðjudegi 26. febrúar til hádegis 4. mars.

Gestir athugið að greiða þarf þátttökugjaldið við skráningu á netinu með kredit korti.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2013/04

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi sem heimildar er getið.*